

Reglur um úthlutun úr sjóði Elísabetar Geirmundsdóttur (bókarsjóði)

Sjóðurinn varð til við útgáfu og sölu bókar um listakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur sem konur í Betadeild skrifuðu og deildin gaf út árið 1989. Bókin ber heitið *Listakonan í Fjörunni. Elísabet Geirmundsdóttir*.

1. Málefni sjóðsins eru í höndum 3ja manna sjóðsnefndar sem skipuð er til tveggja ára á aðalfundi Betadeildar.
2. Gjaldkeri gætir þess að fjármunir séu varðveittir þar sem besta ávöxtun er hverju sinni.
3. Höfuðstóll sjóðs skal aldrei fara niður fyrir kr. 450 þús. Komi upp sú staða að ekki er til fjármagn í sjóðnum umfram það eru ekki veittir styrkir það árið.
4. Rétt til úthlutunar úr sjóðnum eiga eingöngu félagar í Betadeild.
5. Sjóðurinn styrkir féлага sem sækja alþjóðáþing og/eða Evrópuþing DKG. Styrkur er ekki veittur þegar Evrópuþing er haldið á Íslandi.
6. Sé sitjandi landsambandsforseti félagi í Betadeild er hann ekki styrktur til setu á þingum sbr. lið 5.
7. Styrkupp hæð tekur mið af stöðu sjóðsins hverju sinni m.t.t. höfuðstóls en skal nema ráðstefnugjaldi hið minnsta ef hægt er. Að öllu jöfnu er styrkur til ferða á alþjóðáþing hærri en styrkur til ferða á Evrópuþing.
8. Félagi í deildinni sækir um styrk með tölvupósti til formanns deildarinnar sem lætur sjóðsnefnd vita af umsókninni. Ekki er veittur styrkur fyrir ferð nema 12 mánuði aftur í tímann.
9. Sjóðsnefnd hefur samráð við stjórn Betadeildar við ákvörðun um upphæð styrkja í samræmi við gr. 7 um stöðu sjóðsins hverju sinni.
10. Styrkur er ætíð greiddur eftir á, að öllu jöfnu í septembermánuði. Gjaldkeri Betadeildar gengur frá greiðslu.
11. Á fyrsta félagsfundi eftir úthlutun úr sjóðnum skal færa til bókar í fundargerðarbók Betadeildar nöfn féлага sem fengu styrk, styrkupp hæð sem hver félagi fékk og heildarupp hæð sem úthlutað var. Jafnframt skal tilgreina á hvaða þing var farið og hvar það var haldið.
12. Til þess að viðhalda sjóðnum leggur hver félagi árlega fram 1000 kr. Upphæðin skal innheimt með árgjaldi og er gjaldið lagt inn á reikning Elísabetarsjóðs.